

Minnisblað

Til: Forsætisnefndar

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Hagsmunaskráning borgarfulltrúa

Vísað er til fyrirspurnar forsætisnefndar, dags. 24. september 2020, sem barst fjármála- og áhættustýringarsviði þann dag, um hvernig skuli fylla út einstaka liði á skráningarblaði sem heldur utan um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstarfa utan Reykjavíkurborgar. Einnig hvernig skuli fara með skráningu á stjórnarsetu borgarfulltrúa í fyrirtækjum borgarinnar svo sem byggðasamlögum. Er minnisblaðinu ætlað að svara þeim spurningum sem forsætisnefnd hafa borist frá borgarfulltrúum um útfyllingu skráningarblaðsins.

Spurningar hafa borist vegna útfyllingar á eftirfarandi liðum:

1.a. Launuð stjórnarsetna í félögum: Hér á að skrá öll stjórnarlaun, t.d. í eigin félögum, byggðasamlögum og Sambandi ísl. sveitarfélaga. Ekki skrá fjárhæðir

1.b. Hér á að skrá öll önnur laun en launað starf sem borgarfulltrúi. Ekki skrá fjárhæðir.

1.c. Eigin rekstur og rekstur sem er að stærstum hluta í eigu borgarfulltrúans, t.d. rekstur ferðapjónustu, bændastörf, lögfræðistörf o.fl. og er tekjumyndandi fyrir hann, s.s. hlutdeild í hagnaði eða arðgreiðslum. Hér á ekki að skrá væntan hagnað/arð af fjárfestingu, t.d. hlutabréfaeign í félögum á markaði.

3. a og b. Hér á að skrá öll félög sem borgarfulltrúi á hlut í, hvort sem hann er skráður beint sem eignaraðili í félaginu eða félag í eigu hans er skráð sem eignaraðili, og fara yfir þau viðmið sem hér eru tekin til. Þá skal skrá hlutabréfaeign á almennum markaði t.d. eign í Icelandair, Marel, Össur o.fl., fari eignarhluturinn yfir þau viðmið sem hér eru tekin til. Einnig skal skrá félög sem borgarfulltrúi hefur stofnað utan um rekstur í sinni eigu óháð féлагаformi, og falla undir áðurnefnd viðmið. Hér skal ekki skrá félög sem eru í eigu sveitarfélags sem borgarfulltrúi er stjórnarmaður í og þar af leiðandi skráður sem raunverulegur eigandi sbr. ákvæði laga nr. 82/2019, enda er borgarfulltrúinn ekki skráður með eignarhlut í félaginu.

4. Hér skal skrá skuldir, sjálfskuldaábyrgðir og aðrar ábyrgðir, sem tengdar eru rekstri fasteignar eða atvinnurekstri félaga sem skráðar eru í 3. tölulið. Ekki skal skrá fjárhæðir.

Hér skal ekki skrá skuldir félaga sveitarfélags sem borgarfulltrúi er stjórnarmaður í og þar af leiðandi skráður sem raunverulegur eigandi sbr. ákvæði laga nr. 82/2019.

Um skráningu á raunverulegum eigendum gilda lög nr. 82/2019 um skráningu raunverulegra eigenda. Skilgreining laganna á raunverulegum eiganda vísar til skilgreiningar 13. liðs 3. gr. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka en þar segir:

„Raunverulegur eigandi: Einstaklingur, einn eða fleiri, sem í raun á starfseminna eða stýrir þeim viðskiptamanni, lögaðila eða einstaklingi, í hvers nafni viðskipti eða starfsemi er stunduð eða framkvæmd.“

Þá er tiltekið að raunverulegur eigandi teljist m.a.:

„a. Í tilviki lögaðila:

1. einstaklingur eða einstaklingar sem í raun eiga eða stjórna lögaðila í gegnum beina eða óbeina eignaraðild að meira en 25% hlut í lögaðilanum, ráða yfir meira en 25% atkvæðisréttar eða teljast á annan hátt hafa yfirráð yfir lögaðila; ákvæðið á þó ekki við um lögaðila sem skráðir eru á skipulegum markaði samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir“

Raunverulegur eigandi er því ekki endilega stofnandi eða hluthafi heldur sá sem í raun á starfsemi eða stýrir lögaðila með beinum eða óbeinum hætti. Ef ekki er mögulegt að finna raunverulegan eiganda vegna svo dreifðs eignarhalds að engir einstaklingar eiga eða stýra viðskiptamanni í skilningi laganna eða ef vafi leikur á um eignarhaldið, skal sá einstaklingur, einn eða fleiri, sem stjórnar starfsemi lögaðilans teljast raunverulegur eigandi. Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 82/2019 skal skrá upplýsingar um raunverulega eigendur aðila skv. 2. gr. laganna í fyrirtækjaskrá sem starfrækt er af ríkisskattstjóra. Í 3. mgr. 2. gr. segir enn fremur að lögin gildi ekki um stofnanir og fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélaga né heldur um lögaðila sem skráðir eru á skipulegum markaði samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir. Þó skeri ríkisskattstjóri í vafatilvikum úr um það hvort aðili eða flokkur aðila heyri undir lögin.

Í tilviki Reykjavíkurborgar sitja borgarfulltrúar í stjórnnum b-hluta fyrirtækja borgarinnar án þess að vera eða teljast til raunverulegra eigenda samkvæmt skilgreiningu laganna á því hugtaki. Um hvernig skuli fara með slíka skráningu verður að telja að fyrst og fremst sé verið að fullnægja tilkynningaskyldunni fremur en annað. Borgarfulltrúar sitja vissulega í stjórnnum nefndra félaga en þiggja laun fyrir þá stjórnarsetu og eru ekki, eins og framan greinir, raunverulegir eigendur. Að því gefnu að um launaða stjórnarsetu sé að ræða skal skrá það í lið 1 a á skráningarblaði líkt og aðra launaða stjórnarsetu. Ekki er nauðsynlegt að skrá annað er tengist þessu, t.d. í lið 4, enda ljóst að lögin ná ekki til sveitarfélaga að öðru leyti, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 82/2019.

Allt framangreint á jafnframt við um útfyllingu á eyðublaði embættismanna um skráningu fjárhagslegra hagsmuna.

*Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.*